

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands Haldinn að Lindartungu Snæfellsnesi 27. október 2002



Eggert Kjartansson setti fundinn í boði Þorvarðar Ingimarssonar. Svanur Guðmundsson kosinn fundarstjóri og Harpa Reynisdóttir ritari.

Svanur las skýrslu formanns í umboði Þorvarðar Ingimarssonar, sem ekki komst til fundar vegna veðurs. Í henni kom fram að Dagbjartur Dagbjartsson sagði af sér sem ritari. Fjallað var um vel heppnaða aðalkeppni 2001 og hvatti formaðurinn einnig eindregið til að þeir sem ekki stæðu sig í skráningu gota, bættu úr því.

Kristján Mikkaelsson fór yfir reikninga, skýrslur lagðar til umræðu. Samþykkt að setja reikninga félagsgjalda til innheimtu hjá Búnaðarbanka Íslands, einnig rætt um að félagið fái kennitölu.



Rætt um hvort líta eigi á það sem úrsögn úr félaginu þegar menn greiði ekki félagsgjöldin. Engar athugasemdir gerðar við skýrslurnar og reikningarnir samþykktir en þó með fyrirvara um að eftir er að endurskoða þá.

Snæfells- og Hnappadalsdeildin ásamt fleirum vilja að ákveðinn hluti félagsgjaldanna renni til deildanna eða að hægt sé að sækja um styrk fyrir ákveðin verkefni.

Kosningar: Unnur Ólafsdóttir kosin ritari, Kristján Mikkaelsson er áfram gjaldkeri og Þorvarður Ingimarsson formaður. Á næsta aðalfundi mun verða kosið um gjaldkera samkvæmt 5. gr. laga S.F.Í.



Skoðunarmenn reikninga: María Dóra Þórarinsdóttir og Svana Magnúsdóttir.

Kosningar og skoðunarmenn reikninga samþykkt.

Ástþór Jóhannsson bauð gerð á heimasíðu og ættbók (gagnabanka) fyrir félagið sem kostar 200.000,- kr. Ákveðið að stjórn félagsins athugi þetta ásamt Eggerti Kjartanssyni.

Rætt um námskeiðahald, örvun til deilda, fá fleiri til að bjóða fram kennslu, hvolpanámskeið, þjálfun vinnuhunda/keppnishunda, heimsóknir milli deilda og skráningu gota.

Fundinn sátu: Þóra Sif Kópsdóttir, Eggert Kjartansson, Kristbjörn H. Steinarsson, Gísli Þórðarson, Svanur Guðmundsson, Jóhann Þj. Jónsson, Kristján Mikkaelsson, Unnur Ólafsdóttir, Guðmundur Kr. Guðmundsson, Harpa Jóh. Reynisdóttir, Halla Guðmundsdóttir og Anna Dóra Markúsdóttir.

Fundi slitið.
Harpa Jóhanna Reynisdóttir
Fundarritari.